

From: Ómar Einarsson
To: Helga Björnsdóttir
Subject: FS: Skíðaskáli Hrannar í Skálafelli
Date: miðvikudagur, 18. ágúst 2021 11:25:06

Frá: Guðmundur Einarsson <ghe2848@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 21. júlí 2021 11:55
Til: Ómar Einarsson <omar.einarsson@reykjavik.is>
Afrit: Kristján Þorsteinsson <kristjan.thorsteinsson@marel.com>; Stefán Þ. Kjartansson <stefan.spron@simnet.is>; valur.valdimarsson@gmail.com; ghe2848 <ghe2848@gmail.com>
Efni: Skíðaskáli Hrannar í Skálafelli

Sæll og blessaður

Í framhaldi af viðræðum okkar þann 15. júní 2021 höfum við áhuga á að fylgja nánar eftir neðangreindum atriðum vegna starfsemi Skíðadeildar Hrannar í Skálafelli. Mál sem brenna á okkar félagsstarfi í nánustu framtíð

Staða skíðadeildar Hrannar í Skálafelli.

Hér með er óskað eftir að Reykjavíkurborg styrki félagið vegna greiðslu leigusamnings um land við Stardal vegna mannvirkja félagsins í Skálafelli. Á undanförunum árum hefur Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins tekið yfir rekstur félagsins á skíðagöngubraut og fellt ljósabúnað sem var við hluta göngu brautarinnar. Á liðnu ári fjarlægði Skíðasvæðið jafnframt brautarhús félagsins sem var það mannvirki sem eftir var við skíðagöngubrautina. Ljóst er því að starfsemi félagsins verður ekki á því sviði á næstunni. Þau mannvirki sem eftir eru eru skíðaskáli og vélageymsla. Bæði þau mannvirki eru í góðu ásigkomulagi og hefur félagið fullan áhuga að halda úti starfi með ungmennum í Skálafelli auk starfsemi sem snýr að almennri útivist og félagsþjálfun.

Viðhald vegar

Hér með er óskað eftir að Reykjavíkurborg eða eftir atvikum Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins láti endurbæta veginn frá bílastæði að Skíðaskála Hrannar. Mikið hefur runnið úr veginum á undanförunum misserum og er hann orðinn virkilega hættulegur á kafla. Um er að ræða veg sem skilgreindur er í deiliskipulagi Skálafells. Að hluta almennur vegur sem áður lá að skíðaskála KR og sumarvegur sem liggur frá þeim vegi að mannvirkum Hrannar.

Það er von félagsmanna að Reykjavíkurborg geti orðið við þessum óskum um stuðning við félagsstarfið. Með pósti þessum fylgir með afrit af samningi um afnot af landi við eigendur Stardals vegna skíðaaðstöðunnar í Skálafelli.

Með kveðju.

Guðmundur H. Einarsson, formaður íþróttadeildar Hrannar.